

# SAMÞYKKT

## um sorphirðu í Ólafsfjarðarbæ.

### 1. gr.

Ólafsfjarðarbær annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í þéttbýli samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og eftirliti heilbrigðisfulltrúa kaupstaðarins.

Ólafsfjarðarbær getur falið verktökum að annast hirðuna og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram þjónustu á þessu sviði.

### 2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Ólafsfjarðarbæ þar sem sorphirða er framkvæmd skal nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og sorphreinsun sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum skal sett í poka af viðurkenndri gerð. Ólafsfjarðarbær leggur til 52 poka á ári.

Sorppokum skal komið fyrir í þar til gerðri grind. Við hvert hús skal vera a.m.k. ein grind fyrir hvert heimili ásamt aukagrindum eftir því sem nauðsynlegt er. Bæjartæknifræðingur og heilbrigðisfulltrúi skera úr um hugsanleg vafaatriði hvað fjölda grinda (sorppoka) varðar.

Húseigendur greiða fyrir sorpgeymsluílát sín, uppsetningu þeirra og viðhald.

### 3. gr.

Í sorpílatin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja mold, mól, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h. í sorpílát. Ávallt er bannað að setja glóð eða heita ösku í sorpílatin.

Óheimilt er að setja spilliefni (umhverfismengandi úrgang) í sorpílát. Sérstök móttaka fyrir spilliefni er í áhaldahúsi Ólafsfjarðarbæjar.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Blautt sorp má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í sorpílát.

Sorpílát skulu vera þeirrar gerðar sem bæjartæknifræðingur samþykkir og ekki þyngrni en svo að auðvelt sé að meðhöndla þau.

### 4. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum og að jafnaði einu sinni í viku. Á stórhátíðum skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

### 5. gr.

Á gámasvæði bæjarins skal koma með allt sorp sem ekki fellur undir 3. gr.

Brotamálm, t.d. bílhra skal flytja á afmarkað svæði, í samræmi við fyrirmæli bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa.

### 6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum, og öðrum þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi er krefst tíðari og víðameiri sorphreinsunar en getið er í 4. gr., er heimilt að nýta sér gáma sem eru staðsettir á gámasvæði bæjarins en sorphreinsun á sér ekki stað að öðru leyti frá þessum

aðilum. Greiðsla vegna notkunar á gámum sem losaðir eru á kostnað bæjarins er innheimti með fasteignagjöldum samkvæmt sérstakri gjaldskrá þar að lútandi.

Allan flutning úrgangs á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði (gámasvæði bæjarins, sorpeyðingarstöð, móttökusvæði fyrir brotamálma) skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og bæjartæknifræðings og skal ítrasta þrífnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist úr bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda sorphílata. Samkvæmt samþykkt þessari er Ólafsfjarðarbæ heimilt að takmarka fjölda sorphílata við hverja fasteign. Íbúar dreifbýlis og eigendur sumarhúsa sem njóta sorphirðu Ólafsfjarðarbæjar greiða fyrir þá þjónustu þar að lútandi.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til bæjartæknifræðings eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjóti húsráðandi, fyrirtæki eða annar aðili ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps eða annars úrgangs, þ.m.t. spilliefni, skulu sorphirðumenn eða starfsmenn áhaldahúss tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 6. maí 1993.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Ólafsfirði fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarbæjar sem virtar eru fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.